

Ed.

434. Nefndarálit

[188. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 14. janúar 1982.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við undirritaðir nefndarmenn skilum séráliti. Bendum við á að ekki er gert ráð fyrir að eigendur fiskiskipa fái neina hlutdeild í gengishagnaði né heldur sjómannasamtök. Ljóst er að skuldabyrði eigenda nýlegra fiskiskipa eykst sífellt við stöðugar gengislækkanir. Kannske má þó segja að hér sé ekkert stórmál á ferðinni, og munum við sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 9. mars 1982.

Ey. Kon. Jónsson,
frsm.

Lárus Jónsson.